TEXTI: **SVAVA JÓNSDÓTTIR**
MYNDIR: **GEIR ÓLAFSSON, PÁLL KJARTANSSON o.fl.**

Myndlistakonan Maribel González Sigurjóns við málverk eftir sjálfa sig.

Myndlist:

LITIRNIR Í ÍSLENSKRI NÁTTÚRU

Maribel González Sigurjóns. Móðirin er íslensk. Faðirinn var spænskur. Hún ólst upp í háskólaborginni Salamanca á Spáni en hefur búið á Íslandi í um 10 ár.

Hún var 11 ára þegar hún ákvað að verða listakona og þá lá leið hennar í myndlistarskóla sem hún sótti á kvöldin og þannig var það í níu ár. „Ég hef haft áhuga á litum og list almennt frá því ég var kornung.“

Eftir stúdentspróf settist hún á skólabekk í Listaháskóla í Salamanca þar sem hún lagði aðaláherslu á skúlptúr. Hún lagði líka áherslu á ljósmyndun, grafík og teikningu. Hún útskrifaðist árið 1995.

Maribel bæði málar og teiknar. Hvað teikningarnar varðar má nefna að hún hefur myndskreytt fjórar barnabækur sem heita Risaeðlubókin, Mjallhvít, Skórnir í glugganum og Pési og verndarenglarnir.

Teikningarnar í barnabókunum eru listaverk.

„Ég kom oft til Íslands þegar ég var lítil og þá heillaðist ég af náttúrunni.“ Hún nefnir litinn á himninum og sjónum. Íslensk náttúra hefur áhrif á litavalið í myndum Maribel. ,,Ég nota mikið sterka liti svo sem þann bláa og þann græna en það er gaman að skipta um tóna.“

Hvað ætli listin sé í huga listakonunnar?

„Í mínum huga er listin tilfinning, þörf til þess að skapa og stundum þörf til að heilla aðra.“ Hún nefnir líka að það skipti hana sjálfa máli að geta týnt sér í þessum heimi í marga klukkutíma.

Ein af myndskreytingum eftir Maribel úr Risaeðlubókinni.